



## Ferðamenn auka neyslu sína í eigin gjaldmiðli

Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna nam 259 ma.kr. á síðasta ári og jókst um tæpa 28 ma.kr. milli ára, eða um 12%. Til samanburðar nam fjölgun ferðamanna hingað til lands um Leifsstöð 24%. Hver ferðamaður hefur því að meðaltali dregið úr neyslu sinni um 9,8% mælt í krónum. Þar sem krónan styrktist milli ára er ekkert óeðlilegt að ferðamenn hafi dregið úr neyslu sinni í krónum ef gert er ráð fyrir að neysla ferðamanna mæld í þeirra eigin gjaldmiðli taki litlum breytingum yfir tíma. Sé neyslan sett á fast gengi sést að neyslan jókst um 25,4% sem er eilítið meira en sem nemur fjölgun ferðamanna. Á þennan mælikvarða jókst neysla meðalferðamannsins því um 0,9% milli ára, mælt í erlendri mynt.


### Mesti samdrátturinn í úttektum á reiðufé

Af stærstu kostnaðarliðunum var mesti samdrátturinn í úttektum á reiðufé, sem nam 23,3%. Næstmesti samdrátturinn lá í opinberum gjöldum en þau drógust saman um 16,5% milli ára. Þriðji mesti samdrátturinn var í menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi (3,5%) og fjórði mesti samdrátturinn var í verslun (3,1%). Neysla á öðrum liðum jókst milli ára. Mesta aukningin var í bensíni, viðgerðum og viðhaldi bifreiða (8,4%). Næstmesta aukningin var í gistiþjónustu, eða 7,4%. Aukning annarra liða var minni.

### Neyslukarfan tekur breytingum

Misjöfn breyting í einstökum kostnaðarliðum felur það í sér að neyslukarfa ferðamanna tók breytingum milli ára. Það er frekar regla fremur en undantekning að neyslukarfan taki einhverjum breytingum yfir tíma. Þessar breytingar skýrast m.a. af mismunandi verðþróun einstakra liða en einnig af því að samsetning ferðamanna tekur breytingum yfir tíma. Neyslumynstur einstakra þjóða er mismunandi og mismunandi fjölgun einstakra þjóða hefur því sjálfkrafa áhrif til breytinga á neyslukörfunni. Hér getur einnig haft áhrif að sumar þjóðir kaupa gistinguna fremur í gegnum erlenda

Breyting í neyslu ferðamanna





aðila en innlenda, svo dæmi sé tekið en slíkt mælist ekki í kortaveltu þeirra hér á landi.

### Stærstu kostnaðarliðirnir eru flug og gisting

Stærstu kostnaðarliðir ferðamanna eru annars vegar farþegaflutningar og hins vegar gisting, en þeir mynda 42% kostnaðar þess að koma í frá til Íslands. Þriðji stærsti liðurinn er ýmis ferðaþjónusta en hann inniheldur m.a. ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur. Verslun stendur á bak við 12,5% en af þeirri tölu vegur dagvara mest, 29,4%, en svo kemur önnur verslun með 25% og fataverslun með 18%. Veitingaþjónusta kemur síðan með 10,6% en hún inniheldur m.a. bari, veitingahús og skyndibitastaði.


### Úttektir á reiðufé dragast stöðugt saman

Ein af mest áberandi breytingum greiðsluhegðunar ferðamanna hefur með úttektir á reiðufé að gera. Þessar úttektir hafa stöðugt dregist saman á hvern ferðamann á föstu gengi á síðustu árum. Hver ferðamaður tók út 12.800 krónur með greiðslukorti sínu árið 2012 mælt á föstu gengi síðasta árs. Á þeim tíma var sú upphæð 15,1% af heildarkortaveltu ferðamanna. Á síðasta ári nam meðalúttekt á reiðufé 6.100 krónum á hvern ferðamann á föstu gengi. Það gerir um 5,1% af heildarkortaveltu hvers ferðamanns. Úttekt reiðufjár ferðamanna hefur því dregist saman um rúman helming á þessum 6 árum mælt í þeirra eigin gjaldmiðli. Hluti af skýringunni liggur eflaust í því að posar hjá hvers kyns aðilum í ferðaþjónustu eru algengari en áður og þarf því minna að greiða með reiðufé. Oft hefur komið upp umræða um umfang svartrar atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu. Hvert sem umfang svartar atvinnustarfsemi er í dag má ljóst vera að sílækkandi hlutfall reiðufjár er skýr vísbending þess að dregið hafi úr svartri atvinnustarfsemi í greininni.

### Kortaveltan mælir ekki alla neyslu ferðamanna


Ekki liggur fyrir mat Hagstofunnar á heildarneyslu ferðamanna á síðasta ári en kortaveltan mælir ekki alla neyslu ferðamanna. Umtalsverður hluti neyslu ferðamanna er keyptur í gegnum erlenda söluaðila, s.s. gistingu og flug, en kortaveltutölurnar mæla einungis kaup ferðamanna sem fara í gegnum innlenda söluaðila. Árið 2016 nam heildarneysla ferðamanna hér á landi að viðbættum útgjöldum vegna farþegaflugs 357 mö.kr., samkvæmt mati

Samsetning neyslu ferðamanna 2017




Hlutfallsleg neysla meðalferðamannsins  
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagfræðideild Landsbankans

Úttekt á reiðufé



Úttekt á föstu gengi í desember 2017  
Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Heildarneysla og kortavelta ferðamanna



Heimild: Hagstofa Íslands, Rannsóknarsetur verslunarinnar



Hagstofunnar. Til samanburðar nam heildarkortavelta erlenda ferðamanna 232 mö.kr. sem gerir um 65% af heildarneyslunni. Þetta hlutfall hefur aukist á síðustu árum en það var 54% árið 2012. Hækkandi hlutfall er vísbending um að ferðaþjónustuaðilar séu í auknum mæli sýnilegri s.s. á Netinu og ferðamenn geti því í meira mæli haft bein viðskipti við innlenda aðila í stað þess að fara í gegnum erlenda söluaðila. Ætla má því að dregið hafi úr umfangi erlendra milliliða og verður því meiri virðisauki af ferðaþjónustu eftir hér á landi að öðru óbreyttu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.